

Reykjavík, 16. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

365 miðlar ehf. (365) fagna því að lög um Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) sæti endurskoðun. 365 hefur starfað í samkeppni við RÚV undir núverandi lagaramma og er ljóst að lögin fela í sér óeðilega bjögun á samkeppnis skilyrðum og líklegt að engin samkeppni við RÚV fái þrífist þegar upp er staðið, ef ekkert er að gert. Sætir raunar furðu að sú tilhneiging sé enn ofaná að reyna að takmarka hlutverk Samkeppniseftirlitsins miðað við það sem gildir á öðrum miðum. Í nýlegu álit Samkeppniseftirlitsins (4/2008) staðfestist vitneskja 365 um að RÚV væri bæði að misnota þær glufur sem er að finna í lögnum sem og að virða lögin að vettugi, og þar hafði eflaust að segja hversu lítil eftirlitsskylda fylgdi reglukerfinu. Því fagnar 365 endurskoðun laganna í þá veru að rétta eitthvað af samkeppnisgrundvöll á fjölmiðlamarkaði. Það eru þó nokkur atriði sem 365 vill gera athugasemdir við, og þá sérstaklega í því augnamiði að hafa umrædd lög raunhæf miðað við tilgang þeirra.

1. gr. a)

Skilgreining á almannabjónustu samkvæmt núverandi þjónustusamning RÚV og menntamálaráðherra er of víðtæk, og er því gagnslauss. RÚV hefur meðal annars litið svo á að engin samkeppnisstarfsemi eigi sér stað (sbr. ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. 2007-2008, bls. 7), vegna þess hve almannabjónustuhlutverkið er víðtækt. Sem dæmi má nefna að innan almannabjónustu er talið vera „fjölbreytt íslenskt og erlent skemmtiefni fyrir ólíka aldurs- og þjóðfélagshópa.“ Engin takmörk er að finna í frumvarpinu á hversu fyrirferðamikill þessi liður eigi að vera í dagskrá RÚV né nein afmörkun á því hvers eðlis umrætt efni á að vera. 365 vill beina því til frumvarpshöfunda að takmarkanir á afþreyingarefni, sem aðrir miðlar sinna með ágætum í samkeppni við RÚV, væri til þess fallið að styrkja stöðu

almannajónustunnar svo að hún hefði skýrara inntak. Slíkar takmarkanir hefðu einnig mikið að segja til að raunverulega efla samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði.

1. gr. b)

Meginmarkmið frumvarpsins er meðal annars að bæta samkeppnisumhverfi fjölmiðla. 365 vill beina því til frumvarpshöfunda að sú nýja almannajónusta sem RÚV kann að taka upp verði ekki rekin með auglýsingafé. Er lagt til að það sé áréttað í þessari grein frumvarpsins.

1. gr. c)

365 fagnar því að bætt verður úr kostnaðargreiningu á starfsemi RÚV. Í því samhengi vill 365 þó áréttað í nýlegu álit Samkeppniseftirlitsins kom fram að kerfi RÚV torveldi vinnslu upplýsinga, t.d. á sekúnduverði auglýsinga.

4. gr. e)

365 gerir alvarlegar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins þar sem virðist vera um að ræða viðsnúning frá núverandi lagasetningu varðandi sölu auglýsinga á vef RÚV. Það var mikið réttlætismál, vegna sanngjarnrar samkeppni, við setningu núverandi laga að taka algjörlega fyrir sölu auglýsinga á vef RÚV. Var á skýran hátt lögfestur vilji löggjafans um að taka fyrir sölu auglýsinga á vef RÚV, en þrátt fyrir það virðist þetta frumvarp fela í sér óvænta kúvendingu á þeirri afstöðu. Í landinu er fjölbreytt flóra vefmiðla og ótækt að ríkið ryðji þeirri starfsemi til hliðar með því að setja á stofn nýjan og sjálfstæðan fjölmiðil, sem þessi breyting hefði í för með sér. Hér eiga við alvarlegustu vandamálin sem við þekkjum úr hljóðvarpi og sjónvarpi, að því er varðar auglýsingasölu á grunni aðdráttarfls, sem búið er til með skattfé.

4. gr. h)

Í þessari grein skal áréttað að gjaldskráin ætti að vera ófrávíkjanleg og einnig reglur um afsláttarkjör. Í áður nefndu álit Samkeppniseftirlitsins segir: „Nauðsynlegt er að reglurnar feli m.a. í sér að sett verði ófrávíkjanleg gjaldskrá...“

5. gr.

365 fagnar auknum takmörkunum sem að verður beint að auglýsingatíma RÚV. Hins vegar telur 365 að ekki sé nægilega langt gengið í takmörkunum ef vilji löggjafans á að ná fram að ganga.

365 telur þó að það sé nauðsynlegt að bæta við c lið, sem tekur til takmarkana á auglýsingatímum í hljóðvarpi. Slík aðgerð væri í samræmi við

fyrirnefnt álit Samkeppniseftirlitsins þar sem segir að ef það er meira svigrúm í hljóðvarpi heldur en í sjónvarpi er líklegt að það muni hamla gegn fjölbreytni í hljóðvarpi. Lagt er til að hlutfall auglýsinga skuli eigi vera hærra en 10% á hverri klukkustund.

6. gr.

Við yfirllestur frumvarps þessa átti 365 í vandræðum með skilgreiningar í þessari grein, þar sem í frumvarpstexta er með orðanotkun einungis vísað til sjónvarps. 365 gerði ráð fyrir að þar sem í núverandi lögum væri lögð áhersla á að setja þak á kostanir í útvarpinu í heild, hlyti það sama að eiga við í frumvarpi þessu. Við lögfestingu núverandi laga kom fram sá vilji löggjafans að takmarka kostunartekjur RÚV, og að ætlunin sé að gefa þær frjálssar í hljóðvarpi. Þótt sá vilji löggjafans næði ekki fram að ganga, en þar er um að kenna fljótandi takmörkunum án skýrra afmarkana. Það er varla ætlun frumvarpshöfunda nú að rýmka fyrir kostanir í hljóðvarpi umfram núverandi löggjöf. Þar sem að í frumvarpi þessu er lagt til að fella niður 2. málsl. 2. töluliðar 1. mgr. 11. gr. núverandi laga, er allavega hætt á að breytingin útrými upphaflegum vilja löggjafans um að það þurfi að takmarka kostanir á öllum miðlum RÚV. Slíkt hefði afskaplega alvarlegar afleiðingar í för með sér og vísast þar aftur í álit Samkeppniseftirlitsins sem lýsir yfir áhyggjum sínum um að ef það yrðu sett auglýsingatakmarkanir á RÚV í sjónvarpi umfram takmarkanir í hljóðvarpi. Samkeppniseftirlitið segir jafnframt að RÚV sé ógagnsæ blanda af sjónvarpi og hljóðvarpi, og að hljóðvarp RÚV sé síst minna vandamál þegar skoðaður er samkeppnisgrundvöllur markaðarins þar sem finnast fjölda dæma um óskýra viðskiptahætti. Vegna þessa er það eindregin krafa 365 að skýrt verði kveðið á um bann á kostanir í hljóðvarpi RÚV, sem og að til að markmið þeirra takmarkana sem greinin kveður á um nái fram að ganga verði einnig að taka fyrir samsölu auglýsinga í sjónvarpi og hljóðvarpi.

Varðandi þá „stórviðburði“ sem frumvarpið nefnir sem forsendur fyrir kostun í sjónvarpi, vill 365 koma á framfæri að eðlilegt getur verið að RÚV geti að auki komið til móts við þær íþróttgreinar sem er ekki sinnt með umfjöllun á öðrum miðlum, með kostunarsamningum um umfjöllun þeirra. Með því myndi RÚV sinna þjónustuhlutverki sínu en án þess að takmarka samkeppni við aðra miðla.

Varðandi kostun vill 365 vekja athygli á því að slíkt bann verður merkingarlaust ef hægt er að fara framhjá því millilið, eins og RÚV hugðist gera með mikið umræddri samvinnu við Ólafsfell. Kostun til framleiðanda á efni sem RÚV hefur fyrirfram einkarétt til flutnings á er kostun á dagskrá RÚV

og nauðsynlegt að eftirlitsaðili taki á því ef reynt verður að fara framhjá lögum með þessum hætti.

7. gr. b)

c)Eðlilegt væri að greinin orðaðist svo: Ákvæði 11. gr. a um hlutfall auglýsinga í dagskrá og ákvæði 11. gr. b um auglýsingar, kostun og vöruinnsetningu.

8. gr.

365 gerir ráð fyrir að það hljóti að vera gagnkvæmni í þessari grein frumvarpsins, það er ef það kemur í ljós að takmarkanir á auglýsingum RÚV skv. frumvarpi þessu skili ekki markmiði laganna um bætt samkeppnisumhverfi fjölmiðla, þá verði skerðingarnar auknar. Einnig að það hljóti að samræmast tilgangi frumvarpsins að ef losað verði um takmarkanir RÚV á auglýsingamarkaði verði nefskatturinn endurskoðaður, með vísan í skýringu frumvarpsins á hækkun nefskattsins þar sem segir að hækkun gjaldsins taki mið af því sjónarmiði að skapa svigrúm fyrir minni tekjur félagsins á auglýsingamarkaði.

Að lokum er þess óskað að fulltrúar 365 fái að hitta Menntamálanefnd Alþingis, þar sem 365 verði gefið tækifæri á að reifa sjónarmið frekar en hér hefur verið rakið.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald
Forstjóri